



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna Fossvogsbrúar

Á fundi borgarráðs þann 16. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Hvað hafa Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær lagt í mikinn kostnað tæmandi talið vegna Fossvogsbrúar – þar með talið málskostnað vegna ólöglegs útboðs, skaðabætur vegna þess og hönnunarkostnað til keppenda í fyrra og seinna forvali?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Betri Samgangna ohf. með tölvupósti þann 4. janúar 2022. Betri samgöngur leitaði liðsinnis Vegagerðarinnar við gerð svarsins og barst svarið borgarráði þann 24. janúar sl.

Svarið er hér með sent borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Svar Vegagerðarinnar



Samkeppni um Fossvogsbrú, fyrirspurn um kostnað við samkeppni

Eftirfarandi fyrirspurn kom frá áheyrnafulltrú Miðflokksins í Borgarráði þann 16. desember (MSS21120223):

Hvað hafa Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær lagt í mikinn kostnað tæmandi talið vegna Fossvogsbrúar – þar með talið málskostnað vegna ólöglegs útboðs, skaðabætur vegna þess og hönnunarkotsnað til keppenda í fyrra og seinna forvali?

Í lok árs 2019 auglýstu Vegagerðin, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær samkeppni um útlit og hönnun brúar yfir Fossvogs. Samkeppnin var n.k. forval þar sem áhugasömum teymum var gefinn kostur á að skila inn upplýsingum um hæfi og reynslu. Sautján teymi skiluðu inn gögnum og valdi valnefnd skipuð fulltrúum verkkaupa sex teymi til áframhaldandi þátttöku. Til stóð að borga hverju þessara sex teyma 3.000.000 kr. fyrir að útbúa tillögu að útliti og hönnun brúarinnar en samkeppnin var kærð áður en seinna þrep hennar hófst. Í kjölfar kærunnar felldi kærunefnd útboðsmála hönnunarsamkeppnina úr gildi og þar sem seinna þrep hennar var ekki hafið fengu teymin sex ekki greitt.

Kostnaður Vegagerðin vegna umsýslu fyrra þreps samkeppninnar var 1.097.000 kr og til viðbótar voru 900.000 kr vegna málskostnaðar.

Ekki hafa verið greiddar skaðabætur, en skaðabótakrafa er til meðferðar.

Í apríl 2021 var boðið til opinnar hönnunarsamkeppni um útlit og hönnun brúar yfir Fossvog. Samkeppnin byggði á nafnleynd þátttakenda og var skipt upp í tvö þrep. Öllum var frjálst að taka þátt í fyrra þrepi en eftir það valdi dómnefnd þrjár tillögur til áframhaldandi útfærslu. Teymin sem voru valin til þátttöku á seinna þrepinu fengu hvert um sig greiddar 5.000.000 kr fyrir tillögur sínar eftir seinna þrepið, alls 15.000.000 kr.

Til viðbótar greiddi Vegagerðin kostnað vegna utanumhalds og vinnu dómnefndar, alls 13.060.000 kr.

Síða 1/1

Vegagerðin

Bryndís Friðriksdóttir, svæðisstjóri Höfuðborgarsvæðis hjá Vegagerðinni